



Til: thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is
Efni: Re: Fw: beiðni um umsögn
Upplýsingar: Sent: 12.04.2018 15:33:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040012, Bréfalyklar: 42-4-1
Umsagnir um undanþágur vegna myndatöku dýra

Tilvísun í mál: 2018040012

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er eftir leyfi til að koma upp eftirlitsmyndavélum með hreyfiskynjurum við hreiður fálka á árunum 2018-2022. Tilgangur þess að setja upp myndavélarnar er m.a. að koma í veg fyrir eggjastuld.

Eins og kemur fram í umsókninni er m.a. verið að reyna að vernda hreiðrin og koma í veg fyrir eggjastuld. Fálkar á þeim óðulum sem hér um ræðir og Náttúrufræðistofnun er kunnugt um hver eru, eru nokkuð vanir mannaferðum og því ekki líklegt að uppsetning eftirlitsmyndavéla í nánd við hreiðrin, eða á leiðum að þeim, og viðhald þeirra hafi mikil áhrif ef rétt er að málum staðið. Eins og kemur fram í umsókn og lagt er til í leyfi verður haft samráð við Náttúrufræðistofnun um uppsetningu myndavélanna.

Náttúrufræðistofnun telur að heimila eigi uppsetningu eftirlitsmyndavélanna í samráði við stofnunina. Stofnunin leggur til að orðalagi í leyfisveitingunni verði breytt á þann hátt að ljóst sé að hér sé um að ræða eftirlitsmyndavélar. Þetta er mikilvægt þar sem sótt er um leyfi til fimm ára. Náttúrufræðistofnun leggur jafnframt til að á hverju ári verði gerð stutt grein fyrir notkun vélanna, „árangri“ og staðsetningu og verði gögnum um það skilað til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 11.04.2018 10:21:44
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: beiðni um umsögn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 11.04.2018 10:21 -----

From: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 10.04.2018 17:57
Subject: beiðni um umsögn

Meðfylgjandi er beiðni um umsögn vegna uppsetningar myndavéla með hreyfiskynjum við hreiður fálka á árunum 2018-2022. Tilgangur uppsetningarinnar er að koma í veg fyrir eggjastuld.

Vegna eðlis umsóknarinnar óskar Umhverfisstofnun þess að afgreiðslu málsins sé flýtt sé þess nokkur kostur. Til þess að myndavélin gegni hlutverki sínu þarf að vera búið að setja hana upp í apríl eða um það leit sem varp hefst sem er um miðjan apríl.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúru, Department for Nature



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

[attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Umsókn um leyfi til ljósmyndunar friðaðra fugla.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Fálkasetur Íslands umsagnarbeiðni.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]